

Skýrsla formanns stjórnar til aðalfundar Skólaskrifstofu Austurlands Egilsstöðum, 23.11 2012

Frá aðalfundi Skólaskrifstofu Austurlands sem haldinn var á Reyðarfirði 11. nóvember 2011, hefur framkvæmdaráð komið saman á 4 fundum og stjórnarfundir hafa verið 2.

Forstöðumaður Skólaskrifstofunnar undirbýr fundi í samráði við formann og situr fundi stjórnar og framkvæmdaráðs

Hlutverk Skólaskrifstofunnar er tvíþætt þ.e. að tryggja sérfræðipjónustu við leik- og grunnskóla og hafa umsjón með þjónustusamningi um málefni fatlaðra.

Skólaskrifstofan starfar í 2 deildum A: deild- um þau málefni sem skólamál varða og B-deild- mál er varða málefni fatlaðra.

Í samningi aðildarsveitarfélaganna um sameiginlegt þjónustusvæði Austurlands vegna þjónustu við fatlaða, er ákvæði um að samningur verði endurskoðaður á árinu 2011. Slík endurskoðun hefur ekki enn farið fram, enda lítil reynsla að baki að loknu fyrsta starfsári. Æskilegt væri að lagt væri mat á árangur af því starfi sem fram hefur farið við meðferð málefna fatlaðra og matið lagt til grundvallar skoðunar á ákvæðum samningsins, um hvort einhverju þurfi þar að breyta.

Rætt hefur verið í framkvæmdaráði um einstök ákvæði í byggðasamlagssamningi um SKA sem mögulega þurfi að taka breytingum með hliðsjón af nýjum sveitarstjórnarlögum. Hvert aðildarsveitarfélag getur árlega sagt upp aðild að samningnum, nema hvað varðar B-deildina þá gildir samningur til 31/12 2014 og er óuppsegjanlegur til þess tíma, þ.e.a.s. án samþykkis allra aðildarsveitarfélaganna.

Forstöðumaður er tengiliður stjórnar við þjónustuhóp, sem starfar samkvæmt samningi um Skólaskrifstofu Austurlands, B-deild.

Þjónustuhópin skipa 5 fulltrúar: forstöðumaður Skólaskrifstofu Austurlands, félagsmálastjórar félagsþjónustusvæðanna beggja og tveir fagmenn á sviði málefna fatlaðra. Hlutverk þjónustuhópsins er m.a. að gera tillögur um starfsreglur þjónustuhópsins og stærri ákvarðanir til stjórnar SKA, gera tillögur til stjórnar SKA um uppbyggingu þjónustustofnana á þjónustusvæðinu og hafa reglulegt samstarf við fatlað fólk, aðstandendur og samtök þeirra við stefnumótun og framkvæmd þjónustu.

Á fundum framkvæmdaráðs og stjórnar er fjallað um málefni SKA. Mál er varða framkvæmd þjónustu við fatlaða og fjármögnun þeirra eru gjarnan þar á borðum, sem eðlilegt er meðan starfsemin er í mótun. Gerðar voru athugasemdir við og óskað skýringa frá Jöfnunarsjóði um úthlutun fjármagns er ætlað er að koma til móts við breytingakostnað sem sveitarfélög þurfa að standa straum af við yfirtöku málefna fatlaðra. Hér á svæðinu snúa þau mál að Fljótshéraði og Fjarðabyggð. Ljóst er að þau framlög sem á svæðið komu ná

engan veginn að brúa kostnað sem féll til hjá viðkomandi sveitarfélögum við yfirtöku málaflokksins. Óánægja er með hversu lágt framlagið er og ekki hvað síst snýst óánægjan að því að sveitarfélög sem löngu hafa tekið yfir málaflokkinn og fengið þar fjármagn til breytinga, fá nú jafnt og önnur sveitarfélög úthlutuðu fjármagni úr þessum tiltekna potti.

Fjármagn vegna þjónustuþega sem flytjast milli þjónustusvæða er allt að tveimur árum að skila sér. Erindi var sent til Sambands íslenskar sveitarfélaga með tilmælum um að Sambandið hefði frumkvæði að því að settar verði skilvirkar reglur eða viðmið um slík tilvik.

Viðvarandi biðlisti eftir sálfræðiþjónustu SKA hefur verið áhyggjuefni stjórnar og forstöðumanns. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2013 er gert ráð fyrir fjármagni til að ráða í 50% stöðu sálfræðings, til viðbótar þeim sálfræðingsstöðum sem fyrir eru. Það er von stjórnar að með þeirri ráðningu takist að vinna biðlista nokkuð niður. Vissulega hefði verið æskilegra að um fulla stöðu sálfræðings væri að ræða og stefna að því að enginn biðlisti væri virkur eftir árið. Það skref sem tekið var í þessu máli er eigi að síður mikilvægt og ætti að gefa SKA færi á mæta sálfræðiþörf á starfssvæði sínu svo um muni.

Meðal mála sem fjallað hefur verið um er framtíðarskipulag SKA. Bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs kynnti á fundi í maí, greinagerð sem tekin var saman um vinnu starfshóps Fljótsdalshéraðs, um leiðir til að efla og samhæfa heildstæða þjónustu fjölskyldusviðs Fljótsdalshéraðs. Greinagerð vinnuhópsins var vísað til SKA til kynningar og með beiðni um viðbrögð SKA við þeim hugmyndum sem þar komu fram. Starfsfólk SKA vann viðamikla skýrslu (Sérfræðiþjónusta fyrir austfirsk börn, ungmenni og skóla) með upplýsingum um starfsemi SKA, jafnframt var þar að finna svör við ýmsu því sem fram kom í greinagerð vinnuhóps Fljótsdalshéraðs. Skýrslu SKA var vísað til aðildarsveitarfélaganna til umræðu og kynningar.

Framundan er bæði hjá einstökum sveitarfélögum og SKA að móta ýmsa þætti í þjónustu við fatlað fólk sbr. Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2012-2014 sem Alþingi samþykkti 11. júní sl.

Starfsemi SKA er aðildarsveitarfélagunum mikilvægur þáttur í þjónustu við íbúa. Flestir íbúar svæðisins eiga nokkuð undir því að starfsemin sé öflug og þjónustumarkmiðum náð. Huga mætti að almennri kynningu á starfsemi SKA til íbúa á næsta starfsári.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir